

MORGUN BLAÐIÐ 3/2 2007

Örfoka örorka?

Lýður Árnason fjallar um hugsanlega ástæðu aukinnar örorku

HVAÐ er öryrki? Veit það nokkur? Við sjáum öryrkja í hjólastólum og við sjáum öryrkja í Reykjavíkummarapöninu. Kona sagði í ljósvaka að kynsystur sínar væru orðnar svo meðvitaðar að þær skynjuðu fötlun sína fyrr en karlarnir, þingkona sagði á sama vettvangi að greiningar væru orðnar skilvirkari og fólk opnara en áður að koma fram og við-urkenna mein sín. Afleiðingin sú að öryrkjum fjölga vegna meiri umræðu og meðvitundar. Auðvitað er þetta rétt en er þetta gott?



Lýður Árnason

Hver sem er getur komið til læknis og sagst vera óvinnufær vegna andlegra áþjána eða líkamlegra. Tekin er röntgenmynd af bakinu sem sýnir ekkert en sjúklingurinn kvartar samt. Þá er fengin sneiðmynd sem sýnir heldur ekkert en sjúklingurinn kvartar samt. Sjúkraþjálfun en sjúklingurinn lagast ekkert. Megrún en sjúklingurinn léttist ekkert. Punglyndislyf skipta heldur ekki sköpum og afeitrun

gagnslauss. Sálfræðingurinn er fífl, félagsráðgjafinn api, læknirinn bæði og í ofanálag ráðalauss. Sjúklingurinn er búinn að vera á sjúkradagpeningum í nokkra mánuði og á vonarvöl. Einhver framfærsla verður að koma til og farvegirnir aðeins tveir. Að sjúklingurinn taki sjálfur af skarið eða velferðarkerfið. Illu heilli er seinni kosturinn æ oftast valinn. Þetta er veruleikinn og skýrir hinna miklu fjölgun öryrkja. Áðrar skýringar eru kannski vinsælli, þessi hinsvegar blasir við þeim sem gerst þekkja.

En hvers vegna fara konur þessa leið fremur en karlar? Víst má færa rök fyrir því að sjúkdómar skipi hærri sess í hugarheimi kvenna en karla en lág laun og minna svigrúm á vinnumarkaði tel ég þó ráðandi. Það að fólk í álnum fari síður þessa leið segir okkur líka að hágur efnahagur spilar stóra rullu og er jafnvel undirrót, dæmigerðra meina sem leiða nú til örorku en hefðu aldrei komið til álita fyrr á árum.

Hvað getum við gert? Heilmargt, góð byrjun væri að þrengja mjög skil-

» Ekki vil ég segja að fólk sæki örorku að gamni sínu en kannski er hún þægileg leið til að þurfa ekki að kljást við sjálfan sig ...

greiningu öryrkja. Annað, að trúnaðarlæknir sjúklings yrði aðeins ráðgefandi varðandi örorku, matið sjálft væri í höndum lækna sem væru ókunnir sjúklingnum. Þriðja, aðhald varðandi meðferðarúrtræði, að sjúklingur ræki þau samviskusamlega og auki þannig ábyrgð á eigin bata. Þessi þrenna gæti fækkað öryrkjum umtalsvert og gefið svigrúm til hærri örorkubóta.

Eitt helsta vandamálið í þessu ferli er lífllí batavilji fólks. Tillögu læknis um breytingar er sjaldan eða aldrei vel tekið. Ekki vil ég segja að fólk sæki örorku að gamni sínu en kannski er hún þægileg leið til að þurfa ekki að kljást við sjálfan sig, ágætis útskot sem kerfið býður upp á. Augljóslega þurfum við að hugsa okkar gang í þessum efnu og loka þeim dyrum sem augljóslega eru ofnýttar. Örorka verður auðvitað alltaf hluti af samfélaginu en eins og kerfið vinnur í dag njóta hennar í vaxandi mæli aðilar sem gætu verið annars staðar.

Höfundur er heilbrigðisstarfsmaður.